| Kom. | Fór. | |
|---|---|---|
| | | Sólheimum |
| | | Sólheimagerði |
| | | Úlfsstöðum. |
| | | Úlfsstöðum |
| 7/5. | 8/5 | |
| 8-5 | 10- | |

# Viljinn.


Lestrarfjelagsblað Miklabæjarsóknar.

XIV. árg. | Litladal, 28. mars 1923. | 9. tbl.


## Hugsjón.

(Grein þessi er skrifuð og tileinkuð og send hjer með hinu virðulega Lestrarfjelagi Miklabæjarsóknar, fyrir þá sæmd, sem það hefir veitt mjer með því, að gera mig að heiðursfjelaga sínum.).

---

„Þá hugsjónir fæðast fer hitamagn um önd.“ G. M.

Að jeg rita þessa grein, er aðallega af tvennu. Fyrst og fremst af því, að fólk almennt bæði hjer og allstaðar annarstaðar, sem jeg þekki til, ber ekki saman um hvað hugsjón sje, og oft þar

afleiðandi þráttað um það sín á milli, eins og gengur. Og í öðru lagi af því, að hugtakið hugsjón er svo mikið og víðtækt og veglegt, að það verðskuldar rjettan skilning, sem um leið þá gæti orðið til ómetanlegrar, þarflegrar leiðbeiningingar fyrir æskulýðinn.

Og af því að jeg álít að leiðbeining eða skýring í þessu efni, geti verið þeim ungu til góðs, og ennfremur af því, að jeg hefi vandað til greinarinnar, þá hefi jeg leyft mjer að tileinka hana, ykkur, góðu lestrarfjelagsmenn. —

En jeg veit ekki, hvort jeg get gert mig nógu skiljanlegan, en þó vona jeg það, ef fólk les með góðri athugun grein mína. — Þar sem erviðast hefir verið, hefi jeg stutt mig við umsagnir færari manna.

---

Jeg skal taka það strax fram, til þess að fyrirbyggja að misskilningur verði, að allstaðar í mannfjelaginu eru menn með göfugum hugsjónum, menn, sem lifa og starfa fyrir hug-



sjónir sínar. Neðan frá þeim lægsta til hins hæsta í mannfjelagsstiganum. En sem eðlilegt er, er þetta á ýmsum stigum og ber lítið sem ekkert á því, hjá mörgum mönnum. Hjer kemur til greina og svo átakanlega mikið, uppeldi og leiðbeiningar barnanna út í lífið.

Það er bæði hægt að glæða og styrkja og máske skapa, hugsjón hjá barninu, en það er líka hægt að deyða hana hjá því. Og hjá manninum gildir þetta sama, þar sem til framkvæmdanna lýtur. Við skulum hugsa okkur hliðstætt dæmi: Allir líklegast vilja verða eitthvað í lífinu. Þessi bóndi, þessi smiður, þessi sjómaður og þessi embættismaður o. s. frv., og alla dreymir um sælt takmark. En svo kemur það, sem gerir manni ómögulegt að fullnægja hinni náttúrlegu löngun hans, og það getur verið afar-margt sem veldur því. Og afleiðingin verður þessi: að sá sem ætlaði sjer eða langaði til að verða sjómaður, verður bóndi upp í sveit. Sá sem ætlaði að verða t. d. prestur, verður sjómaður, o. s. frv. Af þessu marg-

víslega leidir, ad þad eru svo margir
í mannfjelaginu sem eru alla æfi
þar, sem gud og náttúran ætladist
ekki til. Þeir menn vinna med
vinstri hendi en ekki med hinni
hægri. Og sí og æ sem þeim nátt-
úrlega farnast midur vel, af því ad
upphaflega löngun þeirra og hæfi-
leikar þeirra voru á gagnstædu svædi
í verkahringnum, en átti ad vera.
Þessir menn eru oft misskildir og
dæmdir rangt. En vordraumar þeirra
um hid rjetta lífsstarf, sem náttúran
ætladist til ad þeir ynnu, ónáda þá
sí og æ — hugsun þeirra sú, getur
ekki yfirgefid þá nokkurntíma — því
þad var hugsjón þeirra.

Þad er því nokkur ábyrgdar-
hluti ad segja t.d., ad þessi eda
hinn sje hugsjónalaus madur, því
hugsjón hans getur máske verid em
þad allrahelgasta, sem hann á til
í hjarta og huga sínum.

Og þad eru hugsjónirnar, sem grein-
legast einkennir manninn frá dýrunum.
Og hugsjónalaus madur, væri í raun
og veru ekkert annad en dýr. Þetta



sem menn kalla skynlaus skepnur.

Audvitad eru hugsjónirnar stund-
um svo bældar, stundum sem hálf-
daudar fyrir megna mótstödu og loks,
nærri ad segja, sem engar, af því ad
manninum hefur aldrei verid kennt
ad örfa þær eda beita þeim. Þegar
svo er, er engin ástæda til ad þeir
menn berjist fyrir hugsjón
sinni. En þad er annad en ad
vera hugsjónalaus.

En þeir menn, sem hafa barist fyrir
hugsjón sinni eda hafa med ödrum
ordum, getad þjónad henni og aldrei
gefist upp, þad eru hinir svonefndu
hugsjónamenn. Og þad eru þeir, sem
hafa unnid heiminum mesta gagnid.

En enganveginn má gleyma hin-
um, sem hafa barist fyrir hugsjón
sinni, en hafa ekki opinberlega gert
þad eda sigrad. Tilheyrandi þess-
um flokki manna, eru máske fleiri
í kringum okkur, en mann grunar.

En emþá fleiri eru þad þó, sem
hafa af ýmiskonar orsökum ordid
ad hætta vid ad fylgja hugsjón sinni,
en sem aldrei þó hafa ad öllu yfirgefid

hana — og getur hún leynst hjá manninum og madurinn átt hana, sem heimulegan helgidóm. Og þá væri hróplegt ranglæti ad dæma þann mann hugsjónalausan.

En athugum nú hvad hugsjón eiginlega er.

Hjer ætla jeg nú ad taka upp nokkur ord, eftir stór-lærdan og merkan mann:

„Þad er til ord í málinu — undur dularfullt og háfleygt ord, ord, sem fjöldi manna ekki skilur, en lætur sjer þó vera vel vid og ber lotningu fyrir, af því menn hafa hugbod um ad þad þýdi eitthvad fagurt, háleitt og göfugt.

Þad er ordid hugsjón.

Til er annad ord, sem stendur í nánu sambandi vid þad, ordid hugmynd. Þad ord er látid tákna myndina, sem skapast í huga okkar af því, sem vid verdum varir vid umhverfis okkur. Mannlegsálin er eins skuggsjá, sem allt speglar sig í, er nærri henni kemur. Myndir, sem þannig koma fram í skuggsjá huga



okkar af því, sem vid bregdum henni yfir, köllum vid hugmyndir.

Þad sem vid lesum um, fáum vid mynd af í huga okkar — þetta er hugmynd. En þá skýrari verdur hún, ef vid t.d. ferdumst, og sjáum þad sem fyrir ber. Hugmyndir okkar eru því ad miklu leyti ljósmyndir af hlutunum umhverfis okkur. En hugmyndirnar geta líka verid andlegs edlis. Þær koma ekki allar utan ad, heldur líka innan ad. Þær eru ekki allar ljósmyndir af hinum líkamlega heimi, sem vid lifum í, heldur einnig af andans heimi. Sannleikurinn, frelsid, kærleikurinn o.s.frv. eru hugmyndir — persónulausar myndir, sem madurinn ber í hugskoti sínu.

Umhugsunin um þá tilfinning, að elska, orsakar þad ad í huga manns,
ad þar kemur fram mynd, af þeim eiginleika — andleg hugmynd.

„Hugsjónin" er „persónugjörfing" hinna göfugustu og ædstu hugmynda mannanna. Hugmyndirnar eru

persónulausar stærdir. En hugsjónirnar eru persónulegs edlis. Þær eru hugmyndir, sem tekid hafa á sig hold og blód, — ef svo mætti ad ordi komast.

Hugmyndirnar eru byggdar á reynslu, andlegri eda líkamlegri reynslu. En hugsjónirnar liggja reynslunni ofar —, svo miklu ofar, ad þangad nær engin reynsla.

Ef vid hugsudum okkur mann, sem væri algerlega frjáls, mann, sem leitt hefdi hugmynd frelsisins svo inn í líf sitt, ad hún stýrdi öllum athöfnum hans til orda og verka. Þad er hugsjón frelsisins.

Eda ef vid hugsum okkur persónu, þar sem allar göfugustu hugmyndir mannlegrar fullkomnunar eru ordnar ad veruleik, persónu, sem vid gætum sagt um: Þarna birtist mannedlid í fullkomnun sinni —, þarna kemur mannedlid í ljós eftir eilífri ákvördun þess —, þad er eigi unnt ad lyfta því upp í hærra veldi —, þarna er madurinn í allri dýrd sinni, laus vid allt ófullkomleikans gróm.

Sjá, þar höfum vid fyrir okkur mannsandans eilífu hugsjón!

" " " " "



Ad lifa fyrir einhverja hugsjón er þetta: Hugsa sjer ad koma einhverju gagnlegu, fögru, göfugu, fyrirtæki í framkvæmd —, eda t.d. hugsa sjer á ungum aldri, einhverja stödu hugþekka í mannfjelaginu, og segja vid sjálfan sig: Þarna vil jeg vera. Þarna vil jeg standa. Þetta verk vil jeg vinna, ekki sofandi heldur vakandi, ekki naudugur heldur viljugur, þannig, ad jeg fái litid stjörnu hugsjónarinnar síblikandi yfir mjer, án þess ad láta nokkurt næturmyrkur verda svo dimmt, ad jeg gleymi henni. Leggja alla krafta mína í sölurnar. Helga þessari stödu allt líf mitt, hjarta mitt, hugsun mína og framkvæmd. Halda sömu stefnunni, hvernig sem vindurinn blæs, einbeittastur þá, þegar örduglcikarnir eru mestir. Aldrei ad svíkja lit. Aldrei ad falla fram og tilbidja adra gudi, þó dýrd veraldarinnar sje í bodi. Aldrei ad vera hálfur, heldur heill. Aldrei ad selja frumburdarrjett sinn, eins og Esaú. Aldrei ad svíkja meistarann, eins og Júdas. En standa framm fyrir

voldugum keisarastóli spillts tíðaranda og segja: „Hjer stend jeg; jeg get ekki annað; guð hjálpi mjer. Amen!"
Og láta sig aldrei bresta hug til að slöngva steininum, þó maður sje ekki nema smaladrengur. Eða láta óviðkomandi kreddur eða spillta dagdóma aptra sjer, frá fyrirhuguðu takmarki, þó maður sje ekki nema fátæk og umkomulítil stúlka." — — — —

Einstaklingslífið fer svo mikið eptir því, hvort hinn einstaki maður á nokkra hugsjón, er hafi vald yfir lífi hans. — Dýrin hafa enga hugsjón — ekkert, sem knýr þau áfram, nema eigið bundið eðli þeirra. Og ef svo væri, að einhver maður ætti enga hugsjón, alls enga, enga mynd af því í huga sínum, hvernig líf hans ætti að vera, og sjeu engin tilþrif hjá honum í áttina þangað —, þá væri hann, þessi göfuga vera, með andans upplyftu sjón, — ekki farinn að sjá lengra en dýrið.

Um hann yrði að álykta: að hann væri hugsjónalaus maður.

" " " " "



Nú hefur verið bent á hjer að framan, á bls. 8., 9. og 10., hann, sem lifði fyrir hugsjón sína eða berðist fyrir henni — en þó á hæsta stigi. Og munu menn kannast við ýmsa, úr sögunni, sem hafa gert það.

Sumra hugsjónir eru þeirra eigin heimulleiki, sem lifa fyrir þær, og eru því oft duldar að mestu, en vanalega er veitt eptirtekt þeim mönnum. Og það eru fleiri en mann grunar, bæði karlmenn og kvenmenn.

Hugsjónirnar eru margar og geysimikið rúm frá þeim smæðstu til þeirra stærstu. Sumar ná að eins, að manni virðist, út í verkahring mannsins sjálfs; sumar snerta sveitarfjelag það, sem maðurinn lifir í; sumar þjóðina alla og loks eru sumar, alþjóða velferð og frami. En allar eru þær, ef þær rætast, óbeinlínis sameiginlega til heilla og blessunar öllu mannfjelaginu.

Jeg á bágt með að trúa því, að til sjeu meðal alþýðu, hugsjónarlausir menn. En hjá sumum er hugsjónin, að manni virðist, á lágu stigi, óþroskuð og lítið

eda ekkert lifað fyrir hana. Einkenni þessi, eru skýrust í kaupstöðunum hjá ungu fólki.

En það er skylda kennaranna yfir leitt og þá ekki síður barnakennaranna, að örfa og auka hugsjónir barnanna. Og er það máske veglegasti þátturinn í starfi kennarans, en sem er máske mest vanræktur.

Þululærdómurinn er búinn að drepa margar fagrar hugsjónir. Það er lifandi orðið, sem setur lífið og skilninginn inn í barnssálina.

Það er svo lítið gert að því, að brýna hugi þeirra ungu. Benda þeim á, að þeir verði að vera eitthvað ákveðið í lífinu, og þá að stefna þangað með fullum seglum. Setja sjer eitthvert háleitt og göfugt mark og mið, og verja öllum kröftum til þjónustu hugsun þeirri, að ná því takmarki. Það eru flestir, sem vilja snemma verða eitthvað sjerstakt eða víst í lífinu. Þetta er oft hægt að finna hjá barninu. Það er einmitt þetta, sem á að leita eftir og



sem á að leita eftir fyrst. Og ef unnt er að styrkja og örfa.

En afbrigðin, hjer sem annarstaðar, verða menn að líta rjett á. Og láta þau ekki villa sjer sjónir. Það eru alt af til menn, sem eru svo gerðir frá náttúrunni, að hvöt þeirra og eðlisþrá er svo mikil, að það er eins og þurfi ekki að temja þá eða segja þeim til vegar að nokkrum mun. Hugsum okkur þá börnin læra t.d. að lesa. Það eru börn til, sem sama sem ekkert þarf að leiðbeina í lestri — það er eins og þau læri það sjálf tilsagnarlaust, eða því sem næst. Og svona er það í ýmsu. Enginn segir að barnið hafi enga námshæfileika, þó því gangi illa eða seint að lesa. Það þarf að kenna því það. Álíkan hátt, væri það nokkuð fljótfærnislegt að segja, að þessi maður væri hugsjónalaus, þó hann sjáanlega annaðtveggja kynni ekki eða af einhverjum orsökum öðrum, virtist ekki lifa fyrir neina hugsjón.

Það verður í þessu sem öðru, að vekja, glæða og styrkja hugsjónina hjá barninu eða ungmenninu.

En þeir, sem af eigin hvöt, lifa og starfa

fyrir hugsjón sína, og sem sjáanlegt er fyrir þjóð og land, eða máske allt mannfjelagið — það eru þessir miklu hugsjónamenn, sem sí og æ er verið að tala um, af því þeir skara fram úr fjöldanum. Þeir eru sem bjartir og lýsandi vitar. En sumra þessara manna hugsjónir hafa ekki getað rætst eða þeir hafa, með öðrum orðum, ekki náð ásettu takmarki sínu. En máske þá löngu síðar, hafa aðrir haldið áfram hugsjón þeirra, og þá komist að takmarkinu.

Óhætt er að álykta, að allir eiga einhver áhugamál, einhverjar hugsjónir, er ná fram í það ókomna — framtíðina.

En þessar hugsjónir eru afar-mikið mismunandi. Mismunurinn er mest ~~falli~~ fólginn í því, hversu menn fylgja hugsjónum sínum. Sumir lifa einvörðungu fyrir þær, en sumir sama sem ekkert, og svo allur gangur þar á milli.

En eitt er alveg víst, að fyrir hugsjón sína verður maðurinn mestur.

Og í engu get jeg óskað betur, þeim ungu, hvort heldur er piltur eða stúlka, en með



því, að benda þeim á það, sem jeg veit að þeim er áreiðanlega til hamingju, og óska þeim góðra ferða, fram í lífið. Óska þeim gæfu til að varðveita og lifa fyrir áhugamál sín. Og gefast ekki upp, þó örðugleikar og andstreymi mæti manni. Óska þeim að stefna einhuga á eitthvað hugkært, sem þeim finnst að þeir gætu numið staðar við, og sætt sig við og hvílt sig við, með sigri og fögnuði, eftir að hafa þreytt göngu sína og notið krafta sinna í þjónustu hugsjóna sinna.

Að svo mæltu

óska jeg Lestrarfjelagsfólki,

gleðilegs sumars.

Meðvirðingu!

Baldvin B. Bárðdal.

# Vorið.

Vekur öndu vorsins mál,
vetrar gröndum eyðir.
Kær þess hönd af klemmdri sál
kvíðaböndin sneiðir.

Verða svörin frjáls og fjörg,
ferðast örar sinni,
batna kjörin manna mörg —
minna gjörum inni.

Yfir völlum berast blíð,
barna köll og gaman.
Laus við mjöllu hamra hlíð,
hlær að öllu saman.

Fyrir vindi fækka svell,
fagur myndast gróður;
geirar, rindar, gil og fell
gefa kindum fóður.

Vermir augað geisla glóð,
glitra [illegible] baugar vallar,
heilnæmt laugar ljóssins flóð
lífsins taugar allar.

Sigurjón Gíslason.



# Botnar.

Sólargeisla fyrstir fá
fjallatindar háir.

1. Allt, sem landi lifir á
gjörið hjarta þráir. A. B.

2. Guði fyrir þakka þá
þegnar gera' af fáir. X.

3. Þessa fögru sjón að sjá
sífellt andinn þráir.
Þröstur.

4. Síðan grund og laufgud lág,
leiti og móar gráir.
Þráinn.

5. Þegar birtu sama sjá,
syngja fuglar smáir.
Lóa.

6. Næturskuggar þrjóta þá —
þeirra sakna fáir. Dagur.

7. Klökkna hjelu grundin grá
gráta hálsar lágir.
Frosti.

# Andatrúin.

(Spiritism).

Andakenning fer um frón,
flækir menn án bidar,
margra grennir sálar sjón —
sýnir tvennar hlidar.

Tekur blandast trúin hrein,
tvístradir standa hópar,
horfa á andans átumein
eins og strandaglópar.

Manns til haugast myrkra lid—
messu-taugar fína;
ekki er spaug ad una vid
ungu drauga trúna.

Sigurjón Gíslason.



# Badstofuhjal

Saga.

(Adsent).

Nidurlag.

Nú var komid ad háttatíma og bad nú Simbi vinnukonur fyrir plögg sín, og voru þau þannig útlítandi, sem hann hefdi lent nidur í dýi. Honum var sídan vísad til rúms síns og fór hann ad hátta. Pjetur gamli fór inn í sitt hús, og tók ad afklæda sig. Biskupstillagan hafdi rænt hann mat-arlystinni, og þar vid svo hrídin, sem nú gnúdi á þekjunni og mundi vera búin ad gera jardlaust þegar upp birti. Samt var hann ekki hræddur vid heyleysi, en hitt þótti honum lakara med biskupinn. — Þad búid ad slökkva ljósin og fólkid farid ad hrjóta, en ekki gat Pjetur gamli sofnad. Einni hugsun-inni eftir adra skaut upp í huga hans, vidvíkjandi þessu máli, svo hann hafdi engan frid. Dæmalaus ofsi gat þetta ver-id í andatrúarmönnum! Honum hafdi

líka strax verið illa við hana þegar hann sá hana nefnda í fyrsta skifti. Hann keypti þá „Frækorn" og þar hafði ritstjórinn sagt, að þeir sem aðhylltust hana, væru verri en heiðingjar. Já, það voru þeir sannarlega. Klukkan sló 4. Hann reis upp í rúminu og kallaði fram í baðstofuna: „Simbi!" Hroturnar í Simba hættu skyndilega. „Já, jeg held það sje sama hríðin." — „Simbi, heyrðu! Var hún samþykkt þessi tillaga eða þetta frumvarp um að afnema biskupinn?" „Hvaða biskup?" „Jeg er að meina þessi stjórnarvitleysa sem kom frá þeim herrum á fundinn hjá ykkur." „Nú — i. Nei, hún var felld, með sárlitlum atkvæðamun samt. Eiginlega var það okkur Jafet í hjáleigunni að þakka að hún var felld. Við komum inn í þinghúsið um leið og atkvæði voru greidd um hana. Við höfðum ekki hugmyndum, hvað var verið að greiða atkvæði en rjettum upp hendurnar eins og hinir — sona hinseigin og þá sagði fundarstjórinn að þessi tillaga væri felld með tveggja atkvæðamun. Og það vorum við Jafet." — „Hafið þið blessaðir gert. Þið



hafið gert miklum meiri hluta þjóðarinnar stórgagn", svo bætti hann við í hálfum hljóðum: „Því hefði jeg nú tæplega búist við af ykkur."

Simbi var farinn að hrjóta aftur og litlu síðar sofnaði Pjetur gamli.

Simbi gekk inn í hús til Pjeturs morguninn eftir, er hann var að klæða sig. — „Góðan daginn! Ekki er hann fláður úti núna; hefir birt upp hríðina með grimmdar-frosti." Og Simbi njeri nefið, sem var blátt af kulda. „Jú, við þessu var að búast þegar hann rauk í þetta úr fyllingunni, en það er nú lengi búið gott að ganga," sagði Pjetur gamli og setti á sig brjósthlífina. „Heyrðu, Pjetur minn," sagði Simbi. „Þú átt allt af hjá mjer, fyrir eldiviðinn sem þú hjálpaðir mjer um í vor, og svo þessar 10 krónur til hans Bensa, fyrir tóbakið. Jeg er nú peningalítill núna, en mjer datt í hug að gremslast um, hvort þú vildir ekki að jeg tæki fyrir þig hrosshárið þitt? Áttu það ekki eftir?" „Jú, jú. Hjer kemst aldrei neitt í verk og jeg verð feginn þú gerir það, en ekki með því að vinna af þjer neina skuld, hana

ertu búinn að borga. Það gerðir þú á Þingmálafundinum", og með það var hann rokinn út. Simbi var þar í viku við tóskap sinn, og ekki breyttist veðráttan til hins betra. — Þegar Simbi fór og var búinn að margkyssa Pjetur gamla og þakka honum fyrir sig, kallaði Pjetur á eftir honum: „Skilaðu fyrir mig til Jafets í hjáleigunni, að ef hann verði heylaus, sem líklega þarf ekki að efa, eftir þessu útliti, að þá skuli hann finna mig áður en hann leitar annara".

Daginn eftir hitti Simbi Jafet. Hann var við húsin að brynna kindunum og var í daufara lagi. Þeir heilsuðust, en varla heyrðist að Jafet tæki undir. „Þetta er að verða ljóta tíðin", sagði Simbi. „Það fara að minnka heyin hjá mönnum, haldi þessu lengi áfram". Það hnussaði í Jafet. „Já, það fer illa fyrir einhverjum". „Ónei", sagði Simbi. „Þetta ætlar allt að fara vel, a.m.k. er þjer óhætt. — Pjetur gamli gerir þjer boð, að þú skulir leita hans ef þú þurfir þess með, og verðir í heyvandræðum." Jafet skildi ekkert í þessu. Pjetur var ekki vanur að hjálpa, upp á náungann og víst af öllu óbeðinn. Hann leit spurnaraugum á Simba, eins og hann vildi segja: Ertu að ljúga að mjer bölv-



aður. Simbi virtist líka renna grun í hugsanir hans, því hann sagði: „Þetta er alveg satt, þú mátt trúa mjer og þetta áttu allt biskupnum að þakka". „Biskupnum! — er hann á ferðinni?" En þá var Simbi farinn, svo Jafet gat ekki spurt hann frekara. Hann fór að velta fyrir sjer hvernig á þessu öllu stæði. Ekki var Simbi vanur að hlaupa með fleipur milli manna, en þetta með biskupinn, því gat hann ekki áttað sig á. Kannske Simbi væri nú að fá geðveikina aftur, sem fjekk hann verst fyr á árum, og hún byrjaði með þessari biskupsvitleysu. Jæja, á þetta varð hann að treysta. Ef Pjetur gamli hjálpaði honum á annað borð, þá munaði um það. Það var ábyggilegt.

Og Jafet gaf fangi meira í húsi, en hann var vanur.

X.X.

# Ráðning á gátum í 8. blaði.

1. Jóhannsína = Hannsína.
Jómunda = Munda.
Ásmunda = Munda.
Áshildur = Hildur.
Jófríður = Fríður.
Jóhanna = Hanna.
Jónanna = Nanna.
Ásgerður = Gerður.
Kýbjörg = Björg.
Sæhildur = Hildur.
Sæbjörg = Björg.
Sæfinna = Finna.
Véfreyja = Freyja
Vébjörg = Björg
Helena = Lena.

2. Ísleifur = Leifur.
Steinar = Einar.
Ásbjörn = Björn.
Ásgrímur = Grímur.
Vésteinn = Steinn.
Ásgeir = Geir.
Ásleifur = Leifur.



Eysteinn = Steinn.
Jóhannes = Hannes.
Jósteinn = Steinn.
Sæfinnur = Finnur.

3. Dilkur.

4. Hestur. Enni. Bringa. Háls. Síða. Tunga. Horn. Brún. Brúnir. Rif. Hryggur. Svíri. Beingarður. Fótur. Snoppa. Kroppur. Rim. Hæl. Hali. Rass. Stertur. Steinn. Kambur. Fótaskinn.

B. B.

# Einkennileg útkoma á dæmi.

1 sinni 9 og 2 eru 11
12 — 9 — 3 — 111
123 — 9 — 4 — 1111
1234 — 9 — 5 — 11111
12345 — 9 — 6 — 111111
123456 — 9 — 7 — 1111111
1234567 — 9 — 8 — 11111111
12345678 — 9 — 9 — 111111111.

# „Hreppsbókasafn".

Í 3ja blaði „Viljans" í vetur, hefir Stefán Vagnsson ritað grein um hreppsbókasöfn. Kemur hann þar fram með þá skoðun sína að hann álítur hreppsbókasöfn nauðsynleg, í stað lestrarfjelaganna, sem hann telur ófullnægjandi, til að svala lestrarfýsn og menntunarþrá manna. Af því að jeg er andvígur hreppsbókasafns hugmynd þessari, læt jeg hjer fylgja fáeinar athugasemdir viðvíkjandi þessu máli og grein S. V.

Stefán Vagnsson telur að stefna sú er lestrarfjelögin börðust og berjast fyrir að koma upp bókasöfnum í sveitum landsins, sje rjett og það álít jeg einnig, en hann segir ennfremur að sú stefna þurfi að komast til frekari framkvæmda, svo að bókasöfnin geti leitt yl menntunar og menningar inn á hvert einasta heimili betur en verið hefir og að þetta sje hægt að eins með örlítið breyttu fyrirkomulagi. Og þetta fyrirkomulag til bóta telur hann hreppsbókasöfn. Hann ætlast til þess að að eins eitt bókasafn til almennra nota sje í hverjum hreppi, en lestrarfjelögin hverfi úr sög-



unni, þar sem þau sjeu fyrir.

Það getur vel verið að þannig löguð hreppsbókasöfn, sem S. V. bendir á, geti þrifist í hinum minni hreppum, þeim hreppum, sem eru engu eða lítið stærri en stórar kirkjusóknir. En í hinum stærri hreppum álít jeg að eitt bókasafn komi alls ekki að þeim notum, sem S. V. ætlast til að það geri. Fyrirkomulagið að ýmsu leyti ekki heppilegt. Við skulum taka t.d. hreppinn sem við búum í — hinn langa Akrahrepp — sem er einn af stærstu hreppum á landinu. Í honum starfa nú 3 lestrarfjelög og bókasöfn þeirra er að jeg hygg, geymd á hagkvæmum stöðum til útlána fyrir hvert fjelagssvæði, söfnin sem næst miðju hvers fjelags og gerir það fjelagsmönnum þægilegra og ljettara, að nota þau sem mest.

Fjelög þessi vill S. V. eyðileggja og koma upp einu bókasafni fyrir allan hreppinn — hreppsbókasafni — og skuli það geymast í þinghúsi hreppsins á Ökrum. Auðvitað á það, að öllu leyti að koma í stað allra lestrarfjelaga hreppsins. En það getur ekki gert það.

Mjer finnst að það hljóti að vera öllum ljóst, að með því að hafa eitt safn fyrir allan hinn langa Akrahrepp, og geyma það í þinghúsinu, sje all-miklum hluta hreppsins eða hreppsbúa, gjört mjög

ördugt að nota sjer safnið, sökum vega-
lengdar þangað — svo ördugt að þeim gjörði
næstum ókleyft að nota safnið að nokkrum
mun, þó þeir ef til vill gjarnan vildu nota
það. Hreppsbókasafnið mundi því að
líkindum ekki leiða „yl menntunar og
menningar betur en verið hefir" inn á
all-mörg þau heimili, sem ördugast ættu
með að nota það. Og á sum slík heimili,
sem máske hafa átt þægilegan aðgang að
lestrarfjelags bókasafni, mundi stofn-
un hreppsbókasafns, jafnvel hafa
áhrif í öfuga átt við það sem S.V. ætlast
til að það geri. — Einnig þeir menn í
Miklabæjar- og Flugumýrarsóknum, sem
virðast eiga þægasta aðstöðu með að nota
hreppsbókasafn, mundu komast að raun
um það að þeim yrðu ekki jafn drjúg
not þess, sem lestrarfjelags bókasafna
sinna, því eftir því sem verksvið bóka-
safna víkkar og notendum fjölgar, því
ördugra verður fyrir hvern einstakan að
ná í vissar bækur.

S.V. gerir ráð fyrir því, að flestir bæ-
ir í sveitinni (hreppnum) mundu taka
bækur af safninu og greiða gjald fyrir.
Eg hugsaði að S.V. væri svo kunnugur
lestrarfjelagsskap, bæði í Miklabæjar-


og Flugumýrarsóknum og máske
víðar, að hann vissi það ósköp vel að
innan takmarka þessara fjelaga
hafa allt af verið bæir, sem mjög
slitrótt og sumir næstum aldrei hafa
notað slíkan fjelagsskap til að afla
sjer bóka til lesturs, og hafa þó sumir
hverjir haft mjög góða aðstöðu til þess.
Býst jeg við, að slík heimili mundu þá
ekki fremur nota hreppsbókasafn, þó
það væri til og „ylur menntunar og
menningar" væri þeim jafnfjærri og áður.
Hreppsbókasafn því ekki hafa meiri á-
hrif, að þessu leyti, en lestrarfjelögin.

S.V. segir, að við höfum grundvöllinn
að hreppsbókasöfnum þar sem lestrar-
fjelög sveitanna eru. Á hvern hátt hann
ætlast til að hreppsbókasöfn eignist bóka-
söfn lestrarfjelaganna, veit jeg ekki; hann
getur ekki um það. Varla get jeg búist
við að hann ætlist til þess að lestrarfje-
lögin leggi söfn sín fram til hreppsbóka-
safns fyrir ekki neitt. Hvað þetta atriði
snertir, þá er það mitt álit, að enginn meiri
hluti lestrarfjelaga eða neinn fundarsam-
þykkt meiri hluta lestrarfjelagsmanna
geti ráðið því máli til lykta, að slíta slíku
fjelagi, eða gefa eða selja bókasafn þess.
Geta því fáeinir menn haldið uppi lestrar-

fjelagi, svo lengi sem þeim sýnist og virðist mjer því hæpin sú staðhæfing S.V. að þar sje grundvöllur hreppsbókasafnanna, sem lestrarfjelögin eru.

S.V. slær því fram að hreppsbókasöfnin muni geta komið í staðinn fyrir lægri skólana (alþýðuskólana). Að þeir sem ætla að ganga á skóla þurfi þess ekki framar, því hreppsbókasöfnin eigi að koma í þeirra stað og veita mönnum fulla fræðslu í þeim fræðigreinum, sem þeir vilja nema, og þetta skilst mjer að S.V. telji einn af aðalkostum hreppsbókasafnanna. En jeg get fyrir mitt leyti ekki ~~fullið~~ talið þeim þetta til gildis, því jeg álít að slík söfn geti aldrei komið í stað skólanna að nokkru gagni. Muni ekki vinna meira gagn í þá átt, en lestrarfjelögin gera, eða ættu að geta gert nú.

Það er ekki til neins fyrir S.V. að taka útlend bókasöfn til samanburðar við hin fyrirhuguðu hreppsbókasöfn hans. Þó að útlend bókasöfn kunni að vera einhver sterkasta stoðin undir alþýðumenntuninni þar, þá er þess að gæta með þau, að þau hafa almenna lestrarsali og svo fleiri eintök af hverri bók, hvert bókasafn. Skyldu það ekki vera ólík skilyrðin, sem hjer eru fyrir hendi í strjálbyggðinni, og með eitt eintak af hverri bók í söfnunum.



Hvað því viðvíkur, að farið yrði að rita og þýða bækur fyrir hreppsbókasöfnin, sjerstaklega, seinna meir, eins og S.V. segir, þá er það hyggja mín að slíks muni langt að bíða. Eg hefi allt af haldið að bókasöfn væru fremur þröskuldur á vegi bókaútgáfunnar, heldur en hitt. Jeg gæti trúað því, að þær yrðu nokkuð dýrar bækurnar sem yrðu þýddar og ritaðar handa hreppsbókasöfnunum. — Því færri kaupendur, því dýrari bækur.

Eitt af því sem S.V. telur hreppsbókasöfnum til ágætis, er að þau mundu verða ólíkt fastari í sessi en lestrarfjelögin, sem ýmist sjeu verið að stofna, eða þá að þau sjeu að velta út af. Engin undantekning. Vitanlega er þó engin reynsla eða vissa fyrir því, hvað hreppsbókasöfn yrðu langlíf. Víst er það, að þess eru nokkur dæmi, að lestrarfjelög hafa verið skammlíf, en all-mörg lestrarfjelög eru þó, sem jeg hygg að standi á all-traustum grundvelli og eitt af þeim tel jeg lestrarfjelagið hjerna í Miklabæjarsókn. Það hefir nú starfað nálægt fjórðungi aldar, og þó það suma tíma hafi átt all-örðugt uppdráttar, man jeg ekki til að neinn fjelagsmaður hafi nokkru sinni, hreyft því máli, að því yrði sundrað. Vona jeg og óska að það eigi enn langa æfi fyrir höndum, með vaxandi bóka-

safni mönnum til gagns og skemmtunar.

S. J.

# Góð ár á 18. og 19. öld.

Það er eins og sumir menn sjeu hræddir við þessa góðu tíð, halda, að það muni borgast fyrir hana með því að vorið verði að einhverju hart. Þetta getur auðvitað orðið, en hitt getur líka verið, að það verði áframhaldandi góðviðri, og það jafnvel allt árið út. Það eru ekki svo fá ár, á umliðnum öldum, sem hafa verið góð. Og þó að vetur þessi hafi verið góður, hafa oft komið eins góðir vetrar, og jafnvel betri, og vorin sum verið líka góð. Til dæmis skal jeg benda á góða árstíð frá 1700:

1702 var góður vetur frá jólum. Vorið gott og sumar svo grösugt, að tún voru slæg rjett eftir fardaga.

1704 vetur góður svo fáir mundu slíkan. Vorið gott og sumar líka.

1707 vetur góður. Vorið afbragðs gott með hitum og hægviðrum. Sumarið var ágætt.



1709 vetur all-góður. Vorið gott og sumarið líka.

1710 ágætur vetur. Vorið all-gott, sumarið gott.

1716 forkunnar góður vetur, einkum norðanlands. Vorið afbragðs gott, en sumarið heldur vætviðrasamt norðanlands.

1719 vetur all-góður. Vorið, frá því 2 vikur af sumri, ágætt og sumarið eins.

1732 vetur hinn besti og vorið, og sumarið, hlýtt og grasvöxtur í betra lagi.

1733 sá vetur var hinn besti og flesta daga nautpeningi beitt sumstaðar og lömb voru víða ekki tekin á hey. Vorið ágætt, svo mjólkurkýr lágu sumstaðar úti í 4. v. sumars. Tún urðu slæg í fardögum. Sumarið allgott hjer norðanlands, en ágætt fyrir sunnan.

1740 vetur góður. Vorið gott og sumarið all-gott.

1758 ágætur vetur um land allt. Hinn besti vetur sem hafði komið um langan tíma. Vor og sumar gott.

1768 vetur góður. Vor og sumar ágætt.

1776 vetur góður. Vor og sumar gott.

1779 vetur góður. Norðlendingar fóru á Þorra og Góu til grasa. Vorið fremur íhlaupasamt en sumarið all-gott.

1799 vetur talinn með bestu vetrum. Vor og sumar ágætt.

1805 vetur góður. Vorið sæmilegt og sumarið ágætt.

1820 vetur ágætur. Vor og sumar all-gott.

1833 vetur góður. Vorið ágætt. Sumarið gott.

1841 vetur ágætur. Vor og sumar gott.

1845. Það ár er talið með mestu árgæsku árum.

1880 vetur ágætur. Tún voru orðin



algræn fyrir sumarmál. Vor gott og sumar til höfuðdags.

Frá 1880 til 1900, hafa ekki komið góðæri. Og síðan hafa verið, frá aldamótunum, fá góðæri. Jeg hefi aðeins tekið þau árin, sem hafa farið saman: góður vetur, vor og sumar.

Síðan 1880, hefir ekki komið jafn-góður vetur og þessi, sem nú er að líða út.

Eg vildi óska, að við fengjum gott vor og sumar, — þá veit jeg að þeir sem hræðast þessa góðu vetrartíð, yrðu óttalausir og ánægðir.

Það er ekki ætíð rjett eða gott, að kvíða við illu.

Agnar Baldvinsson.

# Frá ritstjóranum.

Hjer kemur þá síðasta blað „Viljans" á þessum vetri, til ykkar, kæru fjelagsmenn! Það er 9. blaðið, en í raun rjettri gæti það reiknast sem 10., því 3. bl. „Viljans" í vetur var tvöfalt eða um 70 bl.síður.

Eins og þið sjálfsagt munið, lofaði jeg aldrei að sjá um að það kæmu

út á þessum vetri nema 4 blöð.
En fyrir ágæta hjálp, eru þau nú orðin
þetta fleiri en lofað var. Og enn eru
ritverk komin, sem verða að bíða til
síðari tíma. Því annir og útþrá er
komin í huga manns, svo það er ekki
hægt að halda lengra áfram að sinni.

Hvort ykkur hefir verið, kæru fjelags-
menn, nokkur þægð í því, að blöðin yrðu
þetta mörg, veit jeg ekkert um. En það
hefi jeg heyrt á nokkrum fjelagsmönn-
um, að þeim hefir þótt góður frágangur
á „Viljanum“ í vetur, og meira í hann
varið en oft áður. Þetta gleður mig,
þó það sje ekki nema minnst mjer að
þakka, heldur meira stuðningsmanna
blaðsins. Og þakka jeg þeim öllum, hjer
með, góðan stuðning.

Það sjest á gang-skýrslu „Viljans“,
á þeim blöðum sem heim eru komin, að
blaðið hefir dvalið oflengi á sumum
bæjum. Mjer dettur í hug, að menn á
þeim bæjum hafi ekki virt blaðið svo
mikils, að þeir hafi kostað kapps um
að flýta fyrir gangi þess, svo aðrir gætu
fengið að sjá það sem fyrst. Og jeg játa
það, að blaðið er ekki neitt meistara-


stykki eða það sje ekki hugsanlegt
að það ~~væri~~ gæti verið miklu betra. En eitt er
áreiðanlegt, þetta út af fyrir sig
er ekki til þess að hæna menn til
að skrifa blaðið framvegis. En
jeg vona og óska, að þetta lagist og
allir verði samtaka að greiða sem
allra-best fyrir „Viljanum“.

Að svo mæltu læt jeg „Viljann“
flytja ykkur, kæru fjelagsmenn,
ósk um gleðilegt og gott sumar.

## Æskustöðvar.

Finnst mjer eins og fjallahringur faðm út breiði,
vafinn mildum vallargróða
velkomna mig sje að bjóða.

Allt eru þetta einkavinir æsku minnar;
undir þessum dala dröngum
dvalið hef jeg oft og löngum.

Enn er litla lautin klædd í litarskrúða,
áin syngur eins og forðum —
allt er hjer í sömu skorðum.

Endurminning mörg í gegnum muna streymir
frá því barn jeg áður undi
innst í þessum bernskulundi.

Hjer hef jeg áður hlaupið kát um hæð og móa,
fannst mjer þá allt lífið leikur —
en lánið oft er hverfull reykur.

Man jeg hversu sumarkvöldin kær mjer voru —
lóan söng sín ljúfu kvæði,
lofaði sumars fögru gæði.

Sat jeg oft við sönginn áa silfur skæra —
út í lífsins iðu-strauma
ein jeg fór með vöku drauma.

Langt er síðan leið jeg hjeðan lagði forðum —
viðkvæm hugsun fann jeg fæddist —
fram í auga tárið læddist.

Oft hefir farið annan veg en óskir kröfðu
en um það skal hjer ekki kvarta —
ennþá lifir von í hjarta.

Meðan von og ást jeg á, í andans heimi —
sólargeisla sje jeg nóga,
sem að þíða vetrar snjóa.

J.

---

Ritstjóri: Agnar Baldvinsson.

9 tbl. 390